



Lúxemborg, 14 júní 2001

**Fréttatilkynning
Dómur í máli E-7/00**

Halla Helgadóttir gegn Daníel Hjaltasyni og Vátryggingafélagi Íslands hf.

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í tilefni af beiðni um ráðgefandi álit frá Héraðsdómi Reykjavíkur. Í beiðninni var spurt hvort tiltekin ákvæði í íslensku skaðabótalögunum, einkum 8. gr., sem varða útreikning bóta vegna tekjumissis í framtíðinni vegna afleiðinga umferðarslyss til tjónþola sem hafa haft litlar eða engar tekjur, væru samrýmanlegar EES rétti. Einkum var vísað til þryggja tilskipana EB sem varða ökutækjatrýggingar.

Atvik málsins eru þau að á árinu 1994 varð stefnandi málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem þá var 17 ára fyrir bifreið stefnda, en bifreiðin var ábyrgðartryggð hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. Hún hlaut höfuðáverka og var varanlegur miski hennar metinn 7% og varanleg örorka einnig 7%. Ekki er ágreiningur um að stefndi og Vátryggingafélag Íslands hf. beri ábyrgð á tjóni hennar, en ágreiningur er um útreikning fjárhagslegs tjóns vegna tekjumissis í framtíðinni vegna afleiðinga slyssins.

Ágreiningurinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur varðar það hvort bætur til tjónþola eigi að greiðast eftir 5 - 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir 8. gr. sömu laga. Fyrirnefndu ákvæðin hafa að geyma reglur um bætur til tjónþola sem hafa aflað tekna fyrir slys. Í 8. gr. er aftur á móti að finna sérreglur um þá sem ekki höfðu aflað tekna fyrir slys, eða tekjur þeirra höfðu verið óverulegar. Bætur samkvæmt 8. gr. ber að ákvarða út frá mati á læknisfræðilegri örorku (miskastigs) án tillits til fjárhagslegrar örorku.

EFTA-dómstóllinn byggir á því að markmið tilskipananna um ökutækjatrýggingar sé að samræma reglur um tryggingavernd. Aftur á móti sé ekki gert ráð fyrir að reglur sammingsríkja EES-sammingsins um skaðabótaábyrgð og útreikning skaðabóta vegna umferðarslysa séu samræmdar. Engu að síður geti reglur um tryggingavernd haft ákveðin áhrif á reglur sammingsríkjanna um skaðabótaábyrgð. Af þessu leiðir að ekki er unnt að útiloka að lítið verði svo á að einstaka bótareglur geti verið ósamrýmanlegar því markmiði tilskipananna, að samræma reglur um tryggingavernd, og tryggja að þeir sem bíða tjón í slysum sem vélknúin ökutæki valda á Evrópska efnahagssvæðinu sitji við sama borð.

EFTA-dómstóllinn bendir ennfremur á að í ljósi meginmarkmiða tilskipananna, og að teknu tilliti til samspils sjónarmiða um sambærilega meðferð og reglna og venja um tryggingavernd heyri áhrif tilskipananna á reglur um skaðabótaábyrgð til undantekninga og verða takmörkuð og að sammingsríkin hafi rúmar heimildir til mats í þessu efni.

EFTA-dómstóllinn taldi að það væri samrýmanlegt EES-rétti, einkum tilskipunum um ökutækjatrýggingar, að ákvarða bætur vegna tekjumissis í framtíðinni á grundvelli staðlaðra reglna þegar um er að ræða tjónþola sem hafa haft óverulegar eða litlar tekjur fyrir slys.

Dóminn í heild er að finna á vefslóðinni www.efta.int. EFTA-dómstóllinn er skipaður dómurinum Þór Vilhjálmssyni (forseta), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.